



## UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR

### STOFNAÐ 26 APRÍL 1912

Fundur haldinn að Digranesgötu 2 þann 4. desember kl.16:00

Mættar voru Guðrún H. Þórðardóttir sambandsstjóri, Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir varasambandsstjóri, Svala Svavarsdóttir gjaldkeri, Raket Dögg Sigurgeirsdóttir ritari og Bjarney L. Bjarnadóttir framkvæmdastjóri.

1. Sambandsstjóri setti fundinn kl.16:10
2. Dagsetning ákveðin fyrir kjör íþróttamanneskju ársins – í umsjá Hmf. Borgfirðings ef þau hafa tök á að halda það.  
7. jan stjórnarfundur – 9. jan valnefnd – 26. jan kjörið.  
Það þarf að panta Hjálmaklett og hljóðmann. Fara aftur í samstarf við Ölduna.  
Skemmtiatriði – heyra í Hönnu Ágústu  
Ljósmyndari – heyra í Steinunni Þorvalds  
Senda póst á valnefnd, Írisi og Kristmar varðandi breytta dagsetningu.
3. Dagsetning fyrir fyrri formannafund ákveðin 5. mars 2025, framkvæmdastjóri hefur samband við Golfklúbb Borgarness varðandi utanumhald sem greitt verður fyrir 200.000 krónur. Ef þau hafa ekki tök á því verður Frjálsíþróttafélagi Borgarfjarðar boðið það. Ekki var ákveðin dagsetning fyrir seinni formannafund vegna óvissu varðandi samning við Borgarbyggð.
4. Dagsetning fyrir sambandsþing ákveðin 9. apríl 2025. Framkvæmdastjóri hefur samband við knattspyrnudeild Skallagríms varðandi það að taka þingið að sér. Greiddar verða 300.000 fyrir utanumhald.
5. Lottóúthlutun – iðkendur vs. félagsmenn hmf. og golfkl.  
Ákveðið að félagsmenn undir 18 ára aldri teljist iðkendur hjá hestmannafélaginu og golfklúbbunum. Frkv.stjóri greiðir út í vikunni þegar stjórn er búin að samþykkja greiðsluskiptinguna.
6. Frkv. stjóri verður í fríi frá 18. des til og með 6. janúar.
7. Önnur mál  
Engin önnur mál.

Fundi slitið kl.18:13